

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 147/2021**

**frá 23. apríl 2021**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/429 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14ab (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0429**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/429 frá 14. febrúar 2020 (Stjtið. ESB L 96, 30.3.2020, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/429, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram. (\*)

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 30.3.2020, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*